FRÉTTIR

Fjármálaeftirlitið

Varað við tveimur fyrirtækjum

BORIST hefur viðvörun frá Fjármálaeftirlitinu þar sem vakin er athygli á því að fyrirtækin J.P. Turner & company, L.L.C. og Prosper Club hafi ekki leyfi til að starfrækja fjármálaþjónustu hér á landi.

Fjármálaeftirlitið gefur út þessa viðvörun vegna fyrirspurna og athugasemda sem því hafa borist. Á síðasta ári sendi eftirlitið út sams konar viðvaranir vegna sjö erlendra fyrirtækja og er hægt að skoða þann lista á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Fyrirtæki sem ekki hafa leyfi Fjármálaeftirlitsins hafa samkvæmt fréttatilkynningu eftirlitsins ekki heimildir til að taka á móti innlánum frá almenningi, útgáfu og umsýslu greiðslukorta eða viðskipta og þjónustu með fjármálagerninga.

Engin ákvörðun um sölu bréfa í SH

EKKI hefur verið tekin ákvörðun um hvort Burðarás, fjárfestingararmur Eimskipafélag Íslands, eigi áfram hlutabréf sín í ýmsum fyrirtækjum eins og SH eða selji þau, að sögn Magnúsar Gunnarssonar, stjórnarformanns Eimskip.

Magnús segir að eftir eigi að meta hvað verði gert við hlutabréfaeign Burðaráss, en félagið á til dæmis 27,1% í SH. „Við höfum ekkert sérstaklega verið að hugsa um sölu á þessari eign.“ Hann segir að öll þau fyrirtæki, sem Burðarás eigi hlutabréf í, séu mjög áhugaverð og hugmyndafræðin á bak við Burðarás sé að vera hluthafi í öflugum fyrirtækjum, sem hafi vaxtarmöguleika.

Flugleiðir ætla að bæta við tugum starfsmanna í sumar

FLUGLEIÐIR ætla að ráða nokkra tugi flugfreyja eða flugþjóna til starfa fyrir sumarið, en nýlega var einnig auglýst eftir flugmönnum til starfa hjá fyrirtækinu.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Flugleiða, segir að um sé að ræða stærstu ráðningu frá 11. september 2001, en í kjölfar hryðjuverkaárásanna dró verulega saman í farþegaflugi í heiminum.

Guðjón segir félagið þurfa á flugfreyjum, flugþjónum og flugmönnum að halda vegna aukningar í sumaráætluninni. Flogið verður til sjö nýrra áfangastaða í sumar, sem er um 20% aukning frá því sem var á síðasta sumri.

Síðast þegar auglýst var sóttu tífalt fleiri um störfin en Flugleiðir gátu ráðið

„Okkur vantar fleira fólk. Það er gríðarlegur áhugi þannig að við gerum ráð fyrir að það sæki margfalt fleiri um en geta fengið. Síðast þegar auglýst var eftir flugfreyjum og flugþjónum sóttu meira en tífalt fleiri en fengu,“ segir Guðjón.

Þónokkrum hluta starfsmanna var sagt upp eftir samdráttinn í kjölfar 11. september. Segir Guðjón að síðan hafi verið eðlileg endurnýjun í stéttinni og fólk sem missti vinnuna hafi verið að tínast inn aftur. Því ætti að vera svigrúm til að ráða fólk sem aldrei hefur áður unnið hjá fyrirtækinu.

Segir í auglýsingu Flugleiða, sem birtist í Morgunblaðinu í gær, að umsækjendur verði að vera tilbúnir til að sækja 6–8 vikna námskeið og taka próf að því loknu. Segir Guðjón gert ráð fyrir að fólk hefji störf með vorinu.



Morgunblaðið/Einar Falur

Mikil aðsókn að Frostvirkni

STÖÐUGUR straumur fólks hefur verið á sýningu Ólafs Elíassonar, Frostvirkni, sem opnuð var í Listasafni Reykjavíkur-Hafnarhúsi á laugardaginn. Samkvæmt upplýsingum frá Listasafninu, komu um 3.000 gestir á sýninguna fyrstu tvo dagana sem hún var opin. Frostvirkni er stærsta sýning listamannsins á Íslandi til þessa.

Í stærsta salnum gengur fólk um gólf lagt flísum úr íslenskum steinategundum og skoðar sig og aðra gesti í speglum í loftinu. Þessi faðir vildi láta soninn sjá sig betur.

Breytingar gerðar á skipuriti Vegagerðar

VEGAGERÐIN hefur kynnt nýtt skipurit, sem á að gera fyrirtækið hæfara til þess að sinna hlutverki sínu og takast á við breytta tíma og ný verkefni.

Gert er ráð fyrir því að fjöldi starfsmanna verði svipaður á næstu árum, „en starfsmenn þurfa í vaxandi mæli að vera við því búnir að breyta til í starfi og jafnvel skipta alveg um starf,“ segir í greinargerð Vegagerðarinnar.

„Ný verkefni, sem verið er að færa til Vegagerðarinnar, koma þó til með að hafa þau áhrif að fjölga þurfi starfsfólki eitthvað.“

Breytingarnar eiga að taka gildi 1. mars næst komandi.

Jón Rögnvaldsson, vegamálastjóri, segir að færa eigi saman verkefni og stækka einingar án þess að fækka umdæmum. „Það verða alveg jafn öflugar stöðvar alls staðar eftir sem áður,“ segir hann og bætir við að umdæmisstjórarnir verði áfram þeir sömu og hingað til. Helstu breytingarnar eru þær að í miðstöð er stofnað þriggja deilda þróunarsvið við hlið stjórnsýslusviðs og tæknisviðs og verður Hreinn Haraldsson yfirmaður nýja sviðsins. Því er fyrst og fremst ætlað að fjalla um framtíðarmál eins og margs konar áætlanir, rannsóknir og þróun og svo umhverfis- og skipulagsmál.

Hönnun verður á tæknisviði

Áætlanadeild var áður undir tæknisviði og tók þá auk áætlana til hönnunar brúa og vega. Samkvæmt greinargerð á vef Vegagerðarinnar verður hönnun brúa og vega áfram á tæknisviði en í tveimur deildum, brúadeild og veghönnunardeild. Jarðtækni tilheyrði áður rannsóknum og þróun en verður nú í veghönnunardeild.

Undir yfirstjórn falla innri endurskoðun og úrbætur í öryggismálum umferðar. Sömuleiðis gæðamál, ferjurekstur og staðlagerð, en fyrst um sinn stýra vinnuhópar aðgerðum á þessum sviðum. Sem fyrr heyra allar deildir í umdæmum beint undir umdæmisstjóra. „Markverðasta breytingin þar er sú að verkefni deildanna eru breytileg milli umdæma,“ segir í greinargerðinni. „Er þetta gert til að mæta þeim breytileika milli umdæma í aðstöðu, umfangi og umhverfi, sem þegar er fyrir hendi. Jafnframt opnar þetta möguleika fyrir frekari sérhæfingu umdæma og verkefnaflutningi milli þeirra í framtíðinni.

Nokkrar breytingar verða á verkefnum deilda í umdæmum, sem stuðla eiga að skýrari hlutverkaskipan, sem áður var nefnd.

Jón Rögnvaldsson er vegamálastjóri, Gunnar Gunnarsson aðstoðarvegamálastjóri, Kristín H. Sigurbjörnsdóttir er yfirmaður stjórnsýslusviðs og Rögnvaldur Jónsson yfirmaður tæknisviðs.

Stökktu til
Kanarí
27. janúar
frá 39.995
Síðustu sætin
Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina 27. janúar til Kanaríeyja á hreint ótrúlegu verði. Beint flug til Kanarí þann 27. janúar og þú getur valið um eina eða tvær vikur í sólinni. Það er um 25 stiga hiti á Kanarí um miðjan janúar, og hér er auðvelt að njóta lífsins við frábærar aðstæður. Þú bókar ferðina núna og tryggir þér síðustu sætin og 4 dögum fyrir brottför, færðu að vita hvar þú gistir, og á meðan á dvölinni stendur nýtur þú þjónustu reyndra fararstjóra okkar allan tímann.
Verð kr. 39.995
Verð fyrir manninn, m.v. hjón með 2 börn, 2–11 ára, flug, gisting og skattar. 27. janúar, 7 nætur. Ferðir til og frá flugvelli kr. 1.800. Alm. verð kr. 41.994. M.v. að bókað sé á www.heimsferdir.is. Bókunargjald kr. 2.000.
Verð kr. 49.950
Verð fyrir mann, m.v. 2 í íbúð, flug, gisting, skattar. 27. janúar, 7 nætur. Ferðir til og frá flugvelli kr. 1.800. Alm. verð kr. 52.450. Bókunargjald kr. 2.000.
Munið Mastercard ferðaávísunina
Heimsferðir
Skógarhlíð 18, sími 595 1000
www.heimsferdir.is